

CQ TF



15. ÁRGANGUR

1. TÖLUBL. 1979

JAN - MAI



Nokkrir félagsmenn sem hafa unnið ótullega að loftnetamálum fyrir TF3IRA. Fremst á myndinni er TF3BJT. Frá vinstri: TF3AX, Ólafur Engilbertsson, TF3JMN, TF3ANN, TF3LJN, TF3GNN, TF3-035, TF3UA, TF3YH, TF3US, TF3KX, TF3GCN og TF3-034. Á myndina vantar þá TF3JXN og TF3NNN



FRÁ RITSTJÓRA....

Í flugslysinu mikla við flugvöllinn á Colombo í Ceylon í nóvember í fyrra fórust tveir Íslenzkir radíóamatörar, þeir Ásgeir Pétursson, TF3AP og Ólafur Axelsson, TF3AW. Ásgeir heitinn, hafði ekki verið virkur innan Í.R.A. sl. 10 ár, en Ólafur er fyrrverandi stjórnarmaður í fjölda ára innan félagsins og mikill CW-maður. Íslenzkir radíóamatörar sendu strax aðstandendum samúðarkveðjur er vissan um þetta hörmulega slys barst heim til Íslands.

CQ-TF var töluvert til umræðu á síðasta aðalfundi í febrúar. Nú þykir næsta víst, að nægilegt fjármagn muni fást til a.m.k. fjögurra blaða í ár með hliðsjón af því að framkvæmdir við félagsheimilið eru það vel á veg komnar.

Fréttabréfið hefur líka að mestu tekið við beinu tengslunum við félagsmenn, þ.e. allar minni fréttir, fundarboð og tilkynningar ásamt ýmsu skemmtilegu frá '3KX. En tilkoma fréttabréfsins hlýtur að kalla á vandaðra CQ-TF. Okkur vantar í dag tæknilegar greinar, bæði til að smíða eftir og fræðilegar. Og það sem vantar ef til vill mest, og það sem kynni að reka á eftir slíku efni er tæknilegur ritstjóri. Það er maður sem sæi um val á slíku efni eingöngu.

Að skipta blaðinu þannig niður á fleiri herðar gafst strax vel í upphafi, en þegar sjá TF3AC, TF3CW, TF3BJT og fleiri um fasta þætti í hverju blaði. ástæðan fyrir því að vikið er að þessu núna er sú staðreynd að blað sem allt er skrifað af sama manni, sama hversu góður vilji er fyrir hendi, hlýtur að detta niður í gæðum með tímanum og verða leiðinlegt:
Með þökk til þeirra er unnu að blaðinu, '3JB.

Stjórn Í.R.A. skipa:	Kristján Benediktsson, TF3KB, formaður. Jónas Bjarnason, TF3JB, varaformaður. Sigurður Jakobsson, TF3CW, ritari. Gísli Ófeigsson, TF3US, gjaldkeri. Sigurbjörn Bjarnason, TF3SB, meðstjórnandi Yngvi Harðarson, TF3YH, varamaður.
Heiðursfélagar Í.R.A.:	Hr. Ásgeir Magnússon, TF3AB, Reykjavík. Hr. Þórhallur Pálsson, TF5TP, Akureyri.
VHF-Manager:	Kristinn Daníelsson, TF3KD. Í fjarv TF3BJT
QSL-Manager:	Guðjón Einarsson, TF3AC.

CQ-TF er innanfélagsblað Íslenzkra radíóamatöra, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Blaðið er offset-fjölritað eftir handriti. Ritstj. og ábm., Jónas Bjarnason, TF3JB.



Aðalfundur Í.R.A. 1979 var haldinn í húsakynnum félagsins að Dugguvogi 1, þann 3. febrúar sl. 44 félagsmenn sóttu fundinn. Gengið var til almennrar dagskrár samkvæmt fundarboði, sem áður hafði verið sent til félagsmanna með löglegum fyrirvara. Fundarstjóri var kosinn TF3JB. Skýrsla formanns, TF3AX, var samþykkt án umræðna. Úr stjórn gengu TF3UA og TF3AC, sem áður hafði komið inn sem varamaður. TF3AX gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Engar lagabreytingar voru gerðar. Formaður var kosinn TF3KB, Kristján Benediktsson, með öllum greiddum atkvæðum. Til tveggja ára í stjórn voru kosnir Sigurður Jakobsson, TF3CW og Jónas Bjarnason, TF3JB. Sigurbjörn Bjarnason, TF3SB og Gísli Ófeigsson, TF3US voru kosnir í stjórn til eins árs. Fleiri voru kosnir nýjir í stjórn að þessu sinni, þar sem TF3KX treysti sér ekki til áframhaldandi starfa í stjórn sökum námsanna í Háskólanum. Þá var einnig kosinn nýr maður í stað TF3AC, sem lauk stjórnarsetu sem 2. varamaður í stjórn 1978. Endurskoðendur voru einróma kosnir TF3AC og TF3UA. TF3DX var kosinn til vara. Að venju hélt QSL-Manager, TF3AC, greinargóða skýrslu um starfsemi TF-IRA Bureau'sins. TF3ANN flutti skýrslu P.Í.R.A. Varamenn í stjórn voru kosnir þeir Yngvi Harðarson, TF3YH og David Feher, TF0DF. Félagsgjaldið fyrir 1979 var ákveðið óbreytt, kr. 7000.- Stjórnin hefur skipt með sér verkum:

Stjórn Í.R.A. 1979:

Formaður:	Kristján Benediktsson, TF3KB.
Varaform.:	Jónas Bjarnason, TF3JB.
Ritari:	Sigurður Jakobsson, TF3CW.
Gjaldkeri:	Gísli Ófeigsson, TF3US.
Meðstj.:	Sigurbjörn Bjarnason, TF3SB.
Varamenn:	Yngvi Harðarson, TF3YH. David E. Feher, TF0DF.

Að öðru leyti vísast í fundargerð TF3OM, sem er í vörzlu ritara.

Nýjir leyfishafar koma hér á eftir í stafrófsröð. Inn koma einnig þeir sem hafa tekið próf en hafa haft leyfi áður. En þetta eru kallmerki sem eru ný frá síðasta tölublaði CQ-TF.

I A-leyfishafar

David E. Feher, Túngötu 8, Reykjavík.	Kallmerki: TF0DF
Ingólfur H. Tryggvason, Kleppsveg 144, Rvík.	Kallmerki: TF3JW
Tómas Gunnarsson, Sundlaugarvegi 18, Rvík.	Kallmerki: TF3TG
Thomas W. Jenkins, Pósth. 22, Keflav.flugv.	Kallmerki: TF0TJ

II T -leyfishafar

Jónas Matthíasson, Búlandi 29, Reykjavík.	Kallmerki: TF3JMT
Örnólfur Hall, Espigerði 2, Reykjavík.	Kallmerki: TF3AHT

Við óskum hinum nýju leyfishöfum til hamingju með árangurinn og bjóðum þá velkomna í loftið.

Í.R.A. flutti aðsetur sitt frá Vesturgötu 54.c skömmu eftir að síðasta CQ-TF kom út eða í júlí á sl. ári. Starfsemin var flutt að Dugguvogi 1 í mun rýmra húsnæði. Húsnæðið skiptist í sameiginlegt herbergi fyrir klúbbstöðina, TF3IRA, bóka- og tímaritsaðstöðu. Þá hefur QSL-Bureau'ið einnig prýðilegt rými á sama stað. Inn af er ófullgert pláss fyrir smíðaaðstöðuna, sem attu án óþæginda að rýma 5-7 manns. Þá er góður kjallari til geymslu á radíóefni og hlutum. Aðrir í húsinu eru húsvörður, og Skotfélag Reykjavíkur sem við deilum með 50 manna sal til fundarhalda og fyrirlestra. Þá er rúmgott eldhús, snyrting og geymslur í kyndiherbergi og á háalofti.

Mikil vinna hefur verið lögð í húsnæðið frá því við fluttum inn og má nú með sanni segja að verkið sé vel hálfnað. Bæði séraðstaða okkar og svo salurinn hefur verið klæddur viðarplötum, teppi sett á og ljósabúnaður endurnýjaður. Vonir standa til að hægt verði að ljúka endurbótunum í fyrstu mánuðum sumarsins.

Fréttabréf Í.R.A. sá dagsins ljós úr ofnsett fjölrituninni í febrúar sl. í fyrsta skipti. En nokkrar umræður voru á aðalfundi um útgáfumál félagsins, CQ-TF, og hugsanlegar úrbætur. En ekki fékkst fjármagn til útgáfu nema eins tölublaðs af CQ-TF á sl. ári. Stjórnin ákvað því með hliðsjón af umræðum á fundinum og samþykki TF3KX, að hefja útgáfu FRÉTTABRÉFS Í.R.A., mánaðarlega, sem Kristinn sæi um. Hefur þessi útgáfa tekist prýðilega til þessa og á hann skilið góðar þakkir fyrir ágætt starf að þessum málum.

QTC-sendingar hófust frá TF3IRA á ný í marz sl., samkvæmt endurnýjuðu leyfi frá Póst & símamálastofnuninni. Sendingarnar eru á 80 metrum, 3.525 MHz, á föstudögum kl. 20.30. Fyrst eru sendar út fréttir og síðan morseæfingaprógramm á tveim hröðum, fyrst 65 st./mín., og síðan fyrir nýliða og aðra sem eru að byrja á morsinu á 35 st./mín. Yngvi Harðarson, TF3YH, hefur umsjón með sendingunum.

JAMBOREE-ON-THE-AIR eða JOTA eins og það er venjulega kallað var haldið í 21. skipti helgina 21. og 22. október á sl. ári. Þetta er í 6. sinn sem þátttaka er frá Íslandi. JOTA er haldið þriðju helgina í október ár hvert og er í stuttu máli það, að skátar fá að skiptast á kveðjum gegnum stöðvar radíóamatöra á ákveðnum tíðnibilum innan tíðnibanda amatöra undir eftirliti og á ábyrgð leyfishafanna (amatörarnir "operera" stöðvarnar). JOTA er leyft í nærri öllum löndum heimsins, sem viðurkenna amatørstarfsemi og er ekki flokkað sem "third party" viðskipti. Þrjár stöðvar voru reknar helgina frá TF að þessu sinni. TF3JAM frá aðalstöðvum Bandalags Íslenzkra Skáta í Reykjavík, af TF3BT, TF3LH með TF3JGN. TF3SS var rekin fró bækistöð skáta í Hólmgarði í Reykjavík, af TF3YH og TF3BS. Þau nýmæli voru, að í fyrsta sinn var rekin stöð fyrir ameríska skáta á Keflavíkurflugvelli, TF2JAM, af TF3JB með TF3LJN. Meðal þeirra sem heimsóttu stöðina voru skátar úr Keflavík og nágrenni, varnarliðsmenn,

og þeirra yfirmenn á flugvellingnum.

Allar stöðvarnar voru QRV á 14 til 28 MHz. Tveggja metra stöðvarnar voru nýjung og reyndust sérstaklega vinsælar frá TF2JAM til TF3JAM og TF3SS. Annars voru skilyrðin á böndunum breytileg og ágæt á köflum. Náðist töluvert af skemmtilegum og fjarlægum samböndum, sem of langt mál væri að telja hér. En til gamans má nefna tæplega klukkustundar langt samband frá TF2JAM við sjóskátastöðina 4X4HP í Haifa í Israel, sem var mjög ánægjulegt.

Birgir Thomsen, TF3BT, hafði yfirumsjón með starfrækslu stöðvanna fyrir hönd B.Í.S. og Í.R.A. og var ábyrgðarmaður gagnvart Póst & símamálastofnuninni. Sturla Bragason, leiðtogi radióskáta vann einnig mikið starf í því að gera JOTA að veruleika, sem svo oft áður. Þá kom Roger Feldmann, foringi amerísku skátanna á Keflavíkurflugvelli fullur af áhuga inn í myndina ásamt fleirum á Vellingnum.

Áætlaður gestafjöldi þeirra sem heimsóttu stöðvarnar er um 700-800 manns. Sameiginlega náðist því prýðileg kynning á radióskótum og starfsemi radióamatöra.

TF6M Operation KLAUSTUR 1978 var "Dxpedition" sem farin var að Kirkjubæjarklaustri í júlímánuði á sl. ári. Þeir sem tóku þátt í ferðinni voru þeir TF3CW, TF3JB, TF3KX, TF3UA, TF3US, TF3YH og TF3-035. Doddi, TF3SB, varð því miður að hætta við ferðina vegna veikinda. TF3-033 sem var með í upphafi, þurfti að fara heim strax í 2. degi, af persónulegum ástæðum.



"TF6M gengið" - Frá vinstri: TF3KX, TF3JB, TF3UA, TF3CW, TF3-035, TF3US og TF3YH. Myndin er tekin í "sjakknum hjá TF3IRA. Ljóssm.: TF3AC.

Höfð voru tæplega 11.000 QSO við meir en 150 DXCC lönd í ágætis skilyrðum. Samanlagður tími í loftinu á þessi sambönd var um 96 klst., frá tveim stöðvum, stúdíói A 8 B, Stúdíó A á SSB og B á CW. Þriðja stöðin, C, átti að hýsa OSCAR "operation'ina", sem því miður komst aldrei í gang. TF3DX, TF3MA, TF3JO og TF3PJN voru velkomnir gestir á staðinn meðan á "operotion'inni" stóð.

Árangurinn í TF6M verður að teljast frábær með tæpl. 11 þúsund sambönd miðað við TF4F (1068 QSO) og TF7V (970 QSO). Ferðin þótti því heppnast stórkostlega vel í alla staði.

Nokkrir nýliðar tóku sig til í nóvember sl., og réðu sér kennara fyrir A-prófið sem verður núna síðast í þessum mánuði. Ekki einukuðu þeir kennarann, sem var TF3KB, heldur buðu þeim er áhuga

Ljósm.: TF3AC.



hefðu á að vera með, gegn því að greiða námskeiðsgjald. Alls sóttu 23 manns námskeiðið, sem var í fyrirlestraformi með heimadæmum. Í framhaldi af þessu, bauð félagið þátttakendum sem vildu upp á ókeypis byrjunarkennslu í morse (0-25 st./mín.), sem átta manns þáðu. TF3JB leiðbeindi.

Joe H. Reisert, W1JR, var gestur Í.R.A. í byrjun marz mánaðar. Joe er mjög virkur amatör og QRV á 12 mismunandi amatör böndum í USA. Hann skrifar mikið í amatörblöð greinar um loftnet og fl. tengt þeim (t.d. í Ham Radio). Þá er hann einnig mikið á 6 metrunum og vildi kveikja áhuga hjá félagsmönnum til þess að kanna með það band hér á landi og hvort e.t.v. yrði unnt að fá takmarkað starfræksluleyfi.

Hann kvaðst jafnvel geta útvegað "converter" til hlustunar fyrir þá sem hefðu áhuga. En í haust er spáð það góðum skilyrðum ó 6 metrunum, að hægt verði t.d. að hafa QSO héðan til USA.

Joe hefur einnig handbærar upplýsingar um 6 metrana sem hann vill miðla til þeirra amatöra hér sem kynnu að fá áhuga. W1JR og TF3YH þekkjast mjög vel og Yngvi hefur heimilisfang hans.

John A. Attaway, K4IIF, ritstjóri DX-síðunnar í CQ kom til Íslands í október á sl. ári. Hann tók m.a. þátt í CQ World Wide contestinum héðan undir kallmerkinu K4IIF/TF3. Vart er



Stjórnin við veizluborð með Attaway. TF3AX, TF3KX, TF3UA, TF3CW og John Attaway, K4IIF.

hægt að segja annað en vel hafi verið tekið á móti honum, því Axel, TF3AX, lánaði honum Drake-línuna sína í contestinn, þannig að hann gat "opererað" beint úr herbergi sínu á Hótel Sögu. Aðrir úr stjórninni settu upp loftnet fyrir hann og gengu frá stöðinni.

Störf utan stjórnar eru í dag skipuð eftirtöldum mönnum:

QSL-Manager TF-IRA QSL BUREAUGuðjón Einarsson, TF3AC. VHF-ManagerKristinn Daníelsson, TF3KD
RTTY-ManagerKristján Benediktsson, TF3KB.
Station Manager TF3IRAYngvi Harðarson, TF3YH.
Umsjónamaður PIRAHeimir Þór, TF3ANN.
Bóka- og húsvörðurMathías Hagvaag, TF3-035.
QTC-sendingarYngvi Harðarson, TF3YH.
Fréttabréf I.R.A.Kristinn Andersen, TF3KX.
CQ-TFJónas Bjarnason, TF3JB.
Prófnefnd I.R.A.Kristján Benediktsson, TF3KB.
Prófnefnd I.R.A.Vilhjálmur Kjartansson, TF3DX.
Prófnefnd I.R.A.Kristinn Andersen, TF3KX.
Prófnefnd I.R.A.Axel Sölvason, TF3AX.
Prófnefnd I.R.A.Leifur Guðmundsson, TF3LG.
Awardnefnd I.R.A.Guðjón Einarsson, TF3AC.
Awardnefnd I.R.A.Sigurður Jakobsson, TF3CW.
Awardnefnd I.R.A.Kristján Benediktsson, TF3KB.
Awardnefnd I.R.A.Jónas Bjarnason, TF3JB.
CQ Award-Manager fyrir TFKristinn Andersen, TF3KX.

GM3YOR grúppan sem heimsótti TF sl. sumar sést á myndinni hér fyrir neðan. Ekki eru þeir allir skotar þótt þeir hafi unnið undir kallmerkinu GM3YOR/TF, með í förinni voru tveir Bretar.

Ljósmynd: TF3AC



Þeir höfðu alls um 2.500 sambönd héðan, bæði á HF og meteor scatter. Myndin er tekin fyrir utan Í.R.A. þegar þeir heimsóttu klúbbstöðina.

Margir eru þessa dagana að undirbúa sig fyrir ýmist N-T-A eða C-próf. Fyrir utan námskeiðið sem hefur staðið yfir í Í.R.A. og sagt var frá hér fyrir framan, hafa þeir í Straumsvík, TF3ALU, verið með námskeið í vetur fyrir nýliðapróf. 10 manns byrjuðu þar og þeir fara í próf núna í lok maí. TF3IM og fl. hafa leiðbeint.

Lætur þá nærri að fast að 20 amatörar vinni hjá ÍSAL! En þeir hafa eigin klúbbstöð og mjög góðar aðstæður. Þá er líka mikill áhugi úti á landi bæði fyrir austan og vestan. Á Akureyri fara þeir í A-próf og einn í tæknipróf.

Norður við Kröflu eru nokkrir áhugasamir, sem vinna við orkuverið, og koma trúlega hingað suður í próf.

Einnig eru á ýmsum stöðum úti á landi mjög áhugasamir menn, sem vantar eingöngu heppilega tilsögn. Sérstaklega þeirra vegna eru QTC-sendingarnar mjög mikilvægar og vinsælar.

Nýtt félagatal fylgir með þessu blaði. Mjög áriðandi er að tilkynna strax til TF3US, ef menn flytja eða breyta um síma. Einnig væri gott að menn létu vita um villur, sem þeir finna.

Að sögn Guðjóns, TF3AC, sendi TF-IRA QSL Bureau alls 7173 kort árið 1978. Kort voru send til 60 landa beint í flug pósti, en ISWL Bureau'íð í London tók við kortum til ýmissa eyja og fjarlæggra staða, sem frekar fá sambönd eru við frá TF. Innpökkuð munu þessi rúmlega 7 þúsund kort veða um 24 kíló!



Myndin sýnir kortin sem fóru út í desember, innpökkuð og fullfrágengin.

TF3CW og TF3JB settu nýtt íslenskt met í CQ WPX SSB Contestinum í endaðan marz sl. Alls voru höfð um 2600 QSO á ca. um 42 klst. Tæplega 450 prefixar náðust, sem gefur heildarútkomuna nærri 1,9 millj. punkta. Eldra metið var síðan í október í fyrra, en þá höfðu sömu aðilar 2000 QSO í CQ WW SSB Contestinum. Í báðum keppnunum var unnið í "multi op. - single transmitter" klassa.

ERLENDAR FRÉTTIR

Þýzka QSL-Bureau'íð er stórt og mjög fljótvirkt. Í október sl. afgreiddu þeir alls um 623.000 kort til félagsmanna DARC. Eldra metið var aðeins mánaðargamalt, frá september, sem var með um 35.000 færri kort. Þjóðverjar hafa síðan 1972 notast við tölvu við sundurgreininguna. á þessum sex árum hefur kortafjöldinn meir en tvöfaldast, á sama tíma og kostnaðurinn hefur einungis aukist um 14%. Meir en 28.000 félagsmenn notfæra sér þjónustu Bureau'sins.

Ö.V.S.V. er skammstöfun fyrir félag austurrískra radióamatöra og samnefnari fyrir níu smærri landshlutafélög. Nýlega héldu þeir aðalfund og deildu helzt um félagsgjöldin fyrir 1979. Samþykkt vor með

atkvæðum fimm aðildarfélagum á móti fjórum, að hækka þau í kr. 3600.-, sem var tæplega 10% hækkun. En félagsgjöldin hafa verið óbreytt þar í nokkur ár. Annars gefa þeir út sitt CQ-TF, sem heitir "QSP" og ákveðið var að eyða í það á þessu ári um 3.2 millj. ísl. króna.

Og svíar (S.S.A.) voru einnig að hækka sín félagsgjöld fyrir 1979. Þeir borga í ár sem svarar ísl. krónum 9.200.-, og ætla að verja um 3,5 millj. ísl. króna í sitt blað, sem heitir QTC. Í SSA eru í dag um 5200 félagsmenn.

Vilji frakki vera meðlimur í R.E.F., þá greiðir hann 5.400 krónur. Ef hann vill fá Radio REF (franska CQ-TF) sent heim, þá greiðir hann 5.300 krónur til viðbótar. QSL-Bureau þjónustan fyrir innkomin kort er líka aukalega og kostar 7.300 krónur. Og loks ef frakkinn vill senda kortin sín út, þá kaupir hann Bureau merki, sem hann skellir á hvert kort sem hann sendir um Bureau'ið, en 100 slík merki kosta 900 krónur!

N.Z.A.R.T. (New Zealand Association of radio transmitters) er félag þeirra á Nýja Sjálandi og var stofnað 1927. Þeir gefa út myndarlegt blað sem heitir "Break-in" og hafa tvo ritstjóra, þá ZL3RW og XL3NH. Af tæpl. sex þúsund leyfishöfum í landinu, eru um 30% félagsbundnir. Prófmál og tíðniskipan er með líku sniði þar og hér, nema þeir hafa 100 kHz meira svið á 80 metrunum ásamt því að hafa leyfi á 6 metrunum. Hæsta leyfið í ZL veitir 150W inngangsfl.

Í Kameroun hafa um nokkurt skeið aðeins verið í gildi tvö leyfisbréf fyrir amatörstöðvar til alþjóðlegra viðskipta. Stöðvarnar eru TJ1AF og TJ1BB og eru reknar af trúboðum sem eru radíóamatörar. Hingað til hafa innfæddir ekki fengið leyfi frá yfirvöldum (engin próf verið haldin). En nú virðist nokkuð vera að rofa til í þessum mólum hjá þeim því PA0EZ, sem er starfsmaður Þróunarstofnunar S.Þ., hefur undanfarið unnið ötullega að kynningu á amatörradíói í Póst- og símamálastofnunnarskóla landsins ásamt nokkrum áhugasömum verkfræðingum. Yfirvöld hafa sýnt skilning og nú er í ráði að DARC sendi nokkurt magn ósamsettra viðtækja til hlustunar á böndunum, fyrir nemendur skólans. RSGB og REF munu til frekari stuðnings, senda námsefni fyrir amatörpróf.

Júgóslavneskir amatørar (S.R.J.) hafa undanfarin ár einbeitt sér að aðstoð við verðandi amátora í Írak. Þeir hafa raunverulega komið því til leiðar, að amatör-radíó er í dag leyft þar í landi, en Y11BGD hefur verið QRV í tæpt ár. Ennþá er stöðin aðeins starfrækt á 14 MHz, þar sem leyfi hafa ekki fengist fyrir öðrum tíðnum. SRJ hefur nýlega tilkynnt að áformuð séu enn nánari tengsl við Bagdad með frekara námskeiðahaldi og tæknilegum fyrirlesturum. Að auki vinnur SRJ að því að styrkja amatör-radíó í Súdan, Lýbía og Angóla.

Svissneskir radíóamatörar (U.S.K.A.) eiga 50 ára afmæli 25. maí n.k. Þeir ætla að halda upp á afmælið í Martinsberg í Baden. Búist er við gestum frá flestum nærliggjandi löndum og er undirbúningnum þegar að mestu lokið. Eins og sagt var frá í síðasta CQ-TF, þá fengu þeir leyfi til að nota sérstakt forskeyti,

HB7, út árið 1979, í tilefni afmælisins. Þá er ánægjulegt að segja frá því að Póst og símamálastofnunin í Sviss hefur ákveðið að gefa út nýtt frímerki þeim til heiðurs. Á því er áletrunin "50 Jahre USKA" og mynd af OSCAR gervitungli og morselykli.

ARCOT (Amateur Radio Club of Tongoa) sótti nýlega um inngöngu í I.A.R.U. Á Tonga er mikil gróska í amatörmálum, nýliðanámskeið og allt þess háttar. Þeir hafa klúbbstöð, sem hefur kallmerkið A35I. Formaðurinn heitir Tavake Vi, A35AC. QSL Bureau'íð þeirra hefur utanáskriftina: ARCOT, C/o Átenisi, Box 220, Nuku'alofa, Tonga, South-Pacific.

Útgefin leyfisbréf í U.S.A. voru alls 353.262 í lok sl. árs. Aukningin er um 9% frá sama tíma 1978. Af þessum fjölda eru um 170.000 félagsbundnir í ARRL. Samt virðist það ekki nægja til að greiða kostnaðinn við að reka starfsemina, því nýlega sögðu þeir upp 20 manns, hækkuðu félagsgjöldin og verð auglýsinga í QST. Annars er QST stærsta amatörblaðið í heiminum í dag (að blaðsíðufjölda).

Í Mongólíu er margt að ske í amatörmálum, að því er A-þýzka blaðið "Funkamateur" segir. Fyrir utan stöðvarnar JTIAG, JT1AI, JTIAN og JTIAT, sem allar eru QRV á HF-böndunum, er verið að setja upp 34 klúbbstöðvar um landið. Svo til eingöngu er notaður heimasmíðaður "transceiver", sem hannaður var af rússanum UW3DI.
(TF3JB)

144 MHZ OG FL. Framhald af bls. 18


og síðan hinn. Oftast er miðað við tvær eða fimm mínútur. Í fyrstu lotu eru aðeins send kallmerkin, þ.e. t.d. GIABC TF3IRA GIABC TF3IRA o.s.frv. (de er sleppt). Kallmerki og report má taka við staf fyrir staf í hvaða röð sem er. T.d. ABC, F3, G1, TF, IRA. Report eru gefin sem tvær tölur og táknað fyrri talan lengd "brusta" en sú síðari styrk. Kerfið sem notað er, er þannig:

Fyrri tala:	Seinni tala:
1. Aðeins ping	6. S2-S3
2. Brust styttra en 5 sek.	7. S4-S5
3. Brust 5-20 sek.	8. S6-S7
4. Brust 20-120 sek.	9. S8-S9
5. Brust yfir 2 mín.	

Report er t.d. sent sem: GIABC TF3IRA 37 37 37 37 GIABC TF3IRA 37 37 37 37. Þegar önnur stöðin hefur mótttekið bæði kallmerki og report, sendir hún R. T.d. GIABC TF3IRA R37 R37..... Þegar allar upplýsingar og R hafa verið móttekin er sent runa af R þannig: GIABC TF3IRA RRRRRRRR.....RRR GIABC TF3IRA og er það aðeins sent eina lotu.

Færslur í logginn eru öðru vísi en menn eiga að venjast þegar um er að ræða meteor scatter sambönd. Í logginn er fært nákvæmlega hvað heyrir og hvað er sent og er jafnvel talið hve mörg ping heyrðust og hvað brustar eru langir.

Í fjarv. VHF-Manager, 73 de TF3BJT.



Fram til þessa hafa fyrstu kynni flestra radióamatöra af viðskiptum í loftinu yfirleitt verið barsmíðar á morse-lykilinn og einmitt þannig hafa allir nýliðar og A-leyfishafar haft samböndin sem mynda grunninn að leikni í fjarskiptum. Auðvitað er skiljanlegt að þörfin fyrir tilbreytingu fari að kitla eftirvæntinguna þegar B-leyfið nálgast og talviðskipti komast í sjónmál. Lyklinum er kastað inn í skáp og aðal- "sportið" verður að fíkta í hljóðnemastyrkstíllinum; móta mikið eða lítið, segja aaa-, hósta, flauta, segja "haaaallló....., einn, tveir, þrír, fjórir, fimm....." með öllum þeim tilbrigðum sem skaparinn hefur gefið röddinni, o.s.frv.

En bíðum svo sem hálfan mánuð og sjáum þá til. Ekki kæmi mér á óvart þótt mesti glansinn væri farinn af "mæknum" og öllu tilstandinu í kring. Sannleikurinn er nefnilega sá, að í morse-viðskiptum finna fjölmargir amatörar einhverja þá ánægju sem ekki er gott að skilgreina nánar, en er víðsfjarri "venjulegu" talsamböndunum. Einn ágætur amatör sagði að "það væri klassi yfir morsinu", hvað svo sem hann átti nákvæmlega við. Og hvað sem öðru líður, þá er staðreynd að í slæmum skilyrðum er morsið oft þrautalendingin þegar aðrar mótunaraðferðir bregðast.

Og hér erum við farin að nálgast viðfangsefni þessara lína, Miklir "CW" menn, en svo hafa þeir oft verið nefndir sem duglegastir eru við lykilinn, hafa notfært sér tæknina á þessu sviði, ekki síður en annars staðar, ýmsar gerðir af meira og minna sjálfvirkum morse-lyklum hafa verið þróaðar og sumar náð miklum vinsældum meðal amatöra sem atvinnumanna. Þessi tæki geta haft ýmsa kosti fram yfir hina hefðbundnu lykla. Sem dæmi, má nefna hraðari sendingu, "fallegrí" sendingu (a.m.k. fullkomlega staðlaða sendingu), minni þreytuáhrif við sendinguna o.fl. Þó eru til þeir sem hafa tamið sér svo gott vald yfir gömlu lyklunum, að lítill sem enginn munur finnst við tæknivæðinguna. Nú er ég ekki vel fróður um hinar ýmsu gerðir sjálfvirku lyklanna, sízt þá elztu, en skaðlaust ætti að vera að fara örfáum orðum um algengustu tegundirnar sem amatörar hafa notað að undanförunu. Sú upptalning ætti þó alltént að vera til einhverrar glöggvunar fyrir byrjendur.

Lengi voru algengir, og eru víða notaðir enn, mekaniskir lykjar, sem stundum ganga undir nafninu "víbróplex". Slíkan lykil hef ég ekki notað sjálfur, enþó komizt svo langt að haldleika. Notandinn heldur um stakan arm á undirstöðuplötú og hreyfir arminn til, allt eftir því hvort senda eigi punkta eða strik. Punktarnir fást með því að hreyfa arminn til hægri; þá sveiflast fjöður með hreyfanlegu lóði fram og aftur og punktaruna með sömu tíðni stjórnar sendinum. Sé arminum hins vegar ýtt til vinstri, myndast "strik" í morse-sendingunni og þá aðeins stöðugt og órofið svo lengi sem arminum er haldið. Vonandi möðga ég engan "víbróplex-notanda", þótt ég bendi á að sending með slíkum grip geti stundum orðið nokkuð ankannaleg. Hún þekkist oft á því að strikin verða óeðlilega löng miðað við punktana og sendingin hljómar "daaaaa dit daaaaa dit, daaaaa daaaaa dit daaaaaaaa.....". Þetta fer þó eftir leikni notandans. Þessir lykjar eiga sér elektróníska hliðstæðu. Þar stendur samsvarandi armur, "palla" (framb. -paddla-, sbr. ensku, paddle) út úr lokuðum kassa sem inniheldur rafeindaverkið. Pallan er því aðeins rofi sem sendir skilaboð til rafeindaverksins um að senda samfellda runu strika eða punkta, allt eftir því til hvorrar hliðar henni er ýtt. Þar sem tíðni punktanna úr mekaníska lyklinum var stýrt með staðsetningu lóðsins á fjöðrinni, þá er tíðni punktanna og strikanna samtímis breytt hérna með breytilegu viðnámi ("styrkstilli") og hér er enn fremur unnt að fá fram fast hlutfall milli lengdar punkta og strika. Þetta er að sjálfsögðu stórt skref í að auðvelda fallega sendingu. Nýrri endurbót er að hafa tvær pöllur á lyklinum, aðra til að stjórna punkta-

rununni, en hina fyrir strikarununa. Þá stjórnar t.d. þumalfingur punktunum og vísifingur strikunum, en sé báðum pöllum haldið tengdum samtímis, sendast á víxl punktar og strik. Þessum eiginleika lýsa enskumælandi menn með orðinu "iambic". Með tveim pöllum gefst einnig kostur á klíplyklun ("squeeze-keying"), en það þýðir að langflesta stafina má senda með einni klíphreyfingu. M.ö.o., er unnt að senda hvern staf með því að styðja aðeins einu sinni á hvora pöllu, (undantekningin er þó stafirnir P, X og þ ásamt stöku tölustöfum). Svonefnt "dot and dash-memory", þýðir að lykillinn "man" bæði hvern byrjaðan punkt og strik og sendir það þá til enda þótt pöllum hafi verið sleppt. Með öðrum orðum, ef stutt er á strik-pöllum og síðan á punkt-pöllum og báðum er sleppt áður en strikið er búið, þá sendir lykillinn strik og punkt, þ.e. hann "man" punktinn (dot-memory). Strikminni (dash-memory) er hliðstætt.

Dæmigerður lykill af þeirri gerðinni sem síðast var lýst er svonefndur "Acculykill", sem notið hefur vinsælda meðal amatöra hérlendis sem erlendis. Teikningu af gripnum getur að líta í ARRL-handbókinni, allt frá 1974.

Rafeindaverkið sjálf er tiltölulega einfalt og ódýrt og á það einna mestan þótt í vinsældunum, auk þess að ARRL-handbókin er svo gott sem biblía radióamatöra og líklegast til á sérhverju menningarlegu amatörheimili. Hönnuður lykilsins hefur einnig hannað minni fyrir lykilinn ("Accu-memory", sbr. handbókina) og því má ekki rugla saman við minnin sem fyrr var lýst.

Þetta minni vinnur þannig í stórum dróttum, að hægt er að morsa texta allt að ákveðinni lengd inn á minnið og geyma þar. Með því að styðja á einn hnapp er síðan hægt að láta minnið senda alla romsuna aftur út án þess að sendandinn þurfi svo mikið sem að geyspa á meðan. Sama textann er svo hægt að senda aftur og aftur, því hann geymist í minninu svo lengi sem kveikt er á því. Þó er hægt að eyða gömlum texta með því að senda annan "ofan í" hann.


Hvað sem líður gagnrýni á slíka sjálfvirkni, er erfitt að neita því að verkefnið er heillandi og einnig tiltölulega einfalt miðað við margt annað sem amatørar búa til. Bæði lykillinn og minnið eru búin til úr rökrásam (74-flokknum), sem flestar, ef ekki allar, eru alltaf til hérlendis.

Þeim sem hefðu áhuga á að smíða lykilinn er bent á að hafa samband við einhvern þeirra fjölmörgu sem hafa smíðað hann áður, ef vandamál koma upp varðandi útvegum efnis, hugsanlegar breytingar o.fl. á mánudags- og fimmtudagskvöldfundum í Í.R.A. er hending ef einhver viðstaddra kannast ekki við gripinn.

Svonefndar CMOS-rásir hafa víða unnið sér sess að undanfögnu vegna þess að aflnotkun þeirra er lítil og stundum svo óveruleg að ekki tekur því að útbúa rofa á tækin til að slökkva á þeim. Til er endurhönnun á Acculyklinum með slíkum rásam og getur hann þá gengið stanzlaust á sömu rafhlöðunni mánuðum, og hugsanlega árum saman. Með minni aflnotkun, hitna rásirnar minna og má því þjappa saman í minni kubba. Það var því ekki illa til fundið að Curtis nokkrum vestur í Ameríku dytti í hug að pakka svo sem einum morse-lykli inn í eina CMOS-rós. Þetta heppnaðist prýðilega og nú selur hann CURTIS-8044 rásina með eða án prentplötu og fylgihlutum jafnt amatörum sem atvinnumönnum við miklar vinsældir. Í hvíldarstöðu við 5 volta spennu dregur rásin aðeins 0.05 mA straum og í sendingu fer því mestur straumur í tóngjafa, sem innbyggður er í rásina og svo er transistorinn sem lykilar sendinn. Nú veit ég ekki til þess að nokkur íslenskur amatör hafi smíðað þessa tegund lykils og því læt ég fylgja hér teikningu af honum (sjá næstu bls.)



Í upplýsingum mínum um lykilinn eru menn varaðir við að villur hafi slæðzt með í eftirprentuninni í Handbókinni, en þessi á að vera í lagi. Spennan á lykilinn má vera allt milli 5 og 10 volta. Teikningin skýrir sig að öðru leyti sjálf.



Svonefnt "weight-control" stjórnan hlutfallinu milli lengdar punkta og þagna á . milli. Annars mun hlutfallið milli lengdar striks og punkts vera staðlað 3:1, svo sem venjan er. Sagt er að lykillinn spanni hraða frá 40 til 250 st./mín., en þetta svið má lækka með því að stækka þéttinn C5 og hækka með því að minnka hann.

Samkvæmt auglýsingum í QST kostar 8044 rásin um \$15.00, en forveri hennar, 8043 var eitthvað ódýrari og er ekki framleidd lengur.

Eins og fyrir Accu-lykilinn, er til minni fyrir þennan lykil og eins og lykillinn, er það einnig mestallt geymt í einni rás. Minnisrásirnar sjálfar verður þó að kaupa sérstaklega (2102). Aðalrásin í minninu heitir 8047 og er seld á ca. \$40.00

Þeir sem hafa áhuga á annað hvort Accu- eða Curtislyklunum væri eflaust heilladrjúgt að hafa beint samband við framleiðundurna bréfléiðis, því báðir bregðast vel við fyrirspurnum og senda um hæl reiðinnar býsni af upplýsingum og ráðleggingum.

ACCU-lykill James Garrett, WB4WF,
126 W. Buchanan Avenue, Orlando,
Florida 32809, U.S.A.

CURTIS-lykill Curtis Electro Devices, Inc.,
Box 4090, Mountain View,
California 94040, U.S.A.

Vonandi hefur þetta rabb orðið einhverjum til glöggvunar og fróðleiks, þótt afar lauslega sé hlaupið yfir. Hvað sem því líður, þá megum við amatörar hafa okkur alla við að fylgjast með og nýta okkur þá tækni sem alls staðar er í örum vexti umhverfis okkur.



Íslenzkir radioamatörar




Member of International Amateur Radio Union

1977
11.11.1977
1977

N Ý L I D A P R Ó F

12. nóvember 1977

- Míkrófarad (μF) er:
 millión Farad einn milljónasti úr Farad
 þúsund Farad einn billjónasti úr Farad
 einn þúsundasti úr Farad
 - Rafstraumur er mældur í einingunni:
 volt watt amper ohm
 - Við 10 volta rafhlöðu er tengt viðnám sem er 1 k Ω (kíló-ohm). Straumurinn sem rennur er:
 10 amper 1 amper 10 milliamper 1 milliamper
 - Í þessari rás renna 2 amper.
Stærð viðnámsins er því :
 3 ohm 12 ohm 3 watt
- 
